



Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis

12. mars 2025 kl. 13:15

Grand hóteli, Háteigi

Fundarritari: Jakobína Þórðardóttir

Dagskrá:

1. Kári Sigurðsson formaður Sameykis setur fundinn
2. Rekstrarlegar áskoranir Styrktar og sjúkrasjóðs Borghildur Sigurðardóttir, fjármálastjóri Sameykis
3. Kaffihlé
4. Kjaramál, fyrning orlofs, dómur um trúnaðalækna. Persónuálag hjá Reykjavíkurborg. Jenný Þórunn Stefánsdóttir og Sigdís Þóra Sigþórsdóttir
5. Kosningar trúnaðarmann fyrir kjörtímabilið 31. maí 2025-31. maí 2027 Jakobína Þórðardóttir
6. Önnur mál

1. Setning fundar Kári Sigurðsson, formaður Sameykis

Kári bauð trúnaðarmenn velkomna á fundinn, kynnti sig og sagði frá sínum fyrri störfum en hann hefur starfað í félagsmiðstöðvum hjá Reykjavíkurborg sinn starfsferil. Þá hvatti hann trúnaðarmenn til að koma á aðalfund Sameykis sem verður haldinn 27. mars nk. Hann sagði að gögn aðalfundar þ.e. ársskýrsla, reikningar, lagabreytingar og drög að ályktunum yrðu sett inn á mínar síður 10 dögum fyrir aðalfund.

2. Rekstrarlegar áskoranir Styrktar og sjúkrasjóðs Borghildur Sigurðardóttir, fjármálastjóri Sameykis

Borghildur kynnti rekstrarreikning Sjúkra- og styrktarsjóðs og þær áskoranir sem sjóðurinn stendur frammi fyrir vegna reksturs hans. Fjöldi umsókna hefur aukist sem hefur áhrif á stöðu hans og skilgreina þurfi útgreiðslur úr sjóðnum sem hafa aukist á milli ára. Þá ræddi hún um tilgang sjóðsins en það er að veita félagsfólki fjárhagsaðstoð í veikindum, að styðja og efla félagsfólk vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma og að styðja og efla félagsfólk í forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Hún sagði að í öðrum stéttarfélögum sé þak frá 525 þúsund í 801 þúsund krónur.

„Sameyki er eini sjóðurinn sem ekki er með þak á sjúkradagpeningum og veitir almennt hærri styrki til félagsfólks en önnur stéttarfélög,“ sagði Borghildur. Umræður fóru fram á fundinum um hvert helsta hlutverk sjóðsins væri til framtíðar.

3. Kaffihlé

4. Kjaramál, fyrning orlofs, dómur um trúnaðalækna. Persónuálag hjá Reykjavíkurborg. Jenný Þórunn Stefánsdóttir lögfræðingur og Sigdís Þóra Sigþórsdóttir sérfræðingur á kjaradeild.

Jenný fjallaði um niðurstöður dóma Félagsdóms og Landsdóms sem varða hvort starfsfólki sé

skytt að fara til trúnaðarlæknis. Sagði Jenný að ef atvinnurekandi telur aðkomu trúnaðarlæknis nauðsynlega ætti verklagið að vera með þeim hætti að trúnaðarlæknir kynni sér mál viðkomandi starfsmanns, setji sig í samband við lækni eða aðra meðferðaraðila viðkomandi starfsmanns og leggi mat á það hvort þörf sé á því að viðkomandi starfsmaður mæti til læknisskoðunar. „Í þessu sambandi má benda á að hin hefðbundnu læknisvottorð gera ráð fyrir því að þriðji aðili geti leitað upplýsinga hjá þeim lækni sem gefur þau út, og því geta trúnaðarlæknar fengið allar upplýsingar um heilsufar viðkomandi frá þeim lækni ef þörf er á,“ sagði Jenný.

Jenný fljallaði einnig fyrningu orlofs en kjaradeild hefur verið ósammála sérstaklega Reykjavíkurborgar um þær aðferðir sem þeir hafa við þá að láta orlof hverfa í viðverukerfi borgarinnar. Stjórnandi ber ábyrgð á því að fólk fari í orlof og ekki ætt að vera fyrning á orlofi nema starfsmaður neyti að fara í orlof.

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir og Jenný fóru yfir persónuálag hjá Reykjavíkurborg. Sigdís Þóra sagði m.a. að gert sé ráð fyrir því að hver stofnun eða fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Í stað persónuálags sem kveðið er á um í kjarasamningi skal starfsmaður í starfi sem krefst háskólamenntunar fá faglega reynslu og fyrri starfsreynslu metna ef um verulega starfsreynslu er að ræða í gegn um önnur laun.

5. Kosningar trúnaðarmann fyrir kjörtímabilið 31. maí 2025-31.maí 2027 Jakobína Þórðardóttir deildarstjóri félagsdeildar.

Jakobína kynnti fyrir trúnaðarmönnum kosningu trúnaðarmanna sem fer fram í maí nk. Rifjaði lauslega upp það sem kemur fram í lögum Sameykis um trúnaðarmenn og Trúnaðarmannaráð. Jakobína sagði að trúnaðarmenn væru lífæð félagsins og afar mikilvægir fyrir félagið og félagsfólk þess, nú eru 330 trúnaðarmenn en enn vantar trúnaðarmann á marga vinnustaði. Hún fór í grófum dráttum yfir framkvæmd við kosningu trúnaðarmanns en benti einnig á að það væru góðar leiðbeiningar á vefnum. Jakobína talaði um að mikilvægt væri að tilkynna niðurstöðu kosninganna til Sameykis, sem sendir svo tilkynningu til atvinnurekanda til þess að trúnaðarmaður sé löglegur.

6. Önnur mál

Kári ítrekaði kvattningu til trúnaðarmanna um að sækja aðalfund. Athugsemdir komu úr sal um að fundurinn yrði á dagvinnutíma eða kl. 13, Kári sagði að þetta væri tilraun en aðalfundur á síðasta ári hefði ekki verið vel sóttur og stjórn hefði viljað skoða hvort mætirng yrði betri ef hann væri haldinn á dagvinnutíma hann benti á að trúnaðarmenn ættu rétt á að sækja fundinn á vinnutíma.

Tillaga kom um að öllum trúnaðarmönnum yrði sent orlofsblaðið til þess að fara með á vinnustað.

Spurt var út í ýmislegt um orlofsmálin s.s framboð á orlofshúsum, fram kom að verið er að ganga frá kaupum á tveimur íbúðum á Akureyri.

Fundi lokið kl. 15.15.